

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, Árbakki, Rangárþingi ytra.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 9. júlí 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Holta- og Landsveitar 2002-2014, frá 4. júlí 2003.

Breytingin nær til þriggja svæða úr jörðinni Árbakka, samtals um 140,8 ha að stærð og felst í eftirfarandi:

1. Svæði 1: Nyrst í landi Árbakka, við jarðamörk Grásteins I breytist 31,8 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir 25 frístundahúsalóðum.
2. Svæði 2: Austast í landi Árbakka, við jarðamörk Snjallsteinshöfða breytist 12,5 ha landbúnaðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð þar sem gert er ráð fyrir 13 frístundahúsalóðum.
3. Svæði 3: Syðst í landi Árbakka, frá jarðamörkum Árbæjarhellis til austurs að Snjallsteinshöfðahjáleigu og frá Árbæjarvegi (nr. 271) að norðan að Ytri-Rangá að sunnan breytist 96,5 ha landbúnaðarsvæði í blandaða landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota þar sem gert er ráð fyrir 16 lóðum fyrir búgarða.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 9. júlí 2007.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. júlí 2007